

Dóra Hafsteinsdóttir og Sigríður Harðardóttir

Íslenska alfræðiorðabókin

Lýsing á viðamiklu orðabókarverkefni

Íslenska alfræðiorðabókin kom út hjá Bókaútgáfunni Erni og Örlygi árið 1990 og á því tíu ára afmæli á þessu ári. Bókin er rúmlega 1800 blaðsíður að stærð, í þremur bindum og í henni eru um 35.000 flettiorð og um 2000 lykilorð (dansk-enskur orðalykill) í órofinni stafrófsröð. Skýringar eru knappar og nákvæmar og byrja alltaf á skilgreiningu á flettiorðinu. Oft er vísað í önnur flettiorð til nánari glöggvunar. Einnig eru í bókinni um 4500 ljósmyndir, teikningar, kort og töflur og hún er öll litprentuð. Fyrirmynd að bókinni er danska alfræðiorðabókin *Fakta* sem kom út hjá Gyldendalske Boghandel, Nordisk Forlag A/S árið 1988. Um 40% af efni bókarinnar er alíslenskt.

Í þessari lýsingu á gerð *Alfræðiorðabókarinnar* er byrjað á ágripi af sögu verksins, í næsta kafla er lýst tilhögun vinnslunnar. Síðan er fjallað um helstu vandamál við orðabókargerðina og að lokum drepist á við hvaða aðstæður bókin var búin til.

Ágrip af sögu verksins

Meðan unnið var að gerð *Ensk-íslenskrar orðabókar*, sem kom út hjá Erni og Örlygi 1984, fundu þeir sem að verkinu unnu oft til þess hve sárlega vantaði íslenska alfræðibók. Þegar farið var að spyrjast fyrir um slíkt verk kom á daginn að tilraunir höfðu verið gerðar til að semja íslenska alfræðibók frá grunni en þær höfðu runnið út í sandinn. Í ljósi þessa kom fram hjá forlaginu hugmynd um að leita að erlendri fyrirmynd að alfræðibók. Nokkrar bækur voru skoðaðar og niðurstaðan varð sú að hægt yrði að búa til íslenska bók með hliðsjón og stuðning af erlendri. Fyrir valinu varð ný, dönsk alfræðiorðabók, *Fakta*, sem væntanleg var frá bókaútgáfu Gyldendals um svipað leyti. Sá kostur var ekki síst valinn vegna þess að *Fakta* var tölvuunnin og Erni og Örlygi bauðst útprentun af handritinu flokkuðu í efnisflokka.

Handrit *Fakta* var flokkað í 241 efnisflokk. Við gerð *Íslensku alfræðiorðabókarinnar* var notað sama flokkunarkerfi en bætt við fimm séríslenskum flokkum, þ.e. þremur í bókmenntum, einum í landafræði og einum í sagnfræði.

Samfelld vinna við *Alfræðiorðabókina* hófst í maí 1987 og verkinu lauk í október 1990. Í henni eru samkvæmt lauslegri áætlun 150 ársverk sem svarar til þess að það hafi tekið einn mann einn mánuð að búa til hverja blaðsíðu bókarinnar. Þetta er síst ofreiknað. Efnið þurfti að velja, þýða og staðfæra eða frumsemja. Síðan þurfti að lagfæra það og samræma, prófarkalesa, semja myndatexta og töflur, velja og útvega myndir, útbúa skýringarmyndir og kort og huga að millivísunum. Að þessu loknu þurfti að brjóta bókina um, skeyta filmur, prenta hana og binda, og að lokum að koma henni á framfæri.

Tilhögun verksins

Vinna við gerð *Alfræðiorðabókarinnar* skiptist í sjö meginþætti, þ.e. ritstjórn, tölvuvinnslu, vinnu við frumhandrit, yfirlestur og samræmingu á handriti, vinnslu á myndefni, prófarkalestur og umbrot.

Ritstjórn

Í upphafi verksins var skipað útgáfuráð sem átti að funda reglulega með ritstjórum og vera þeim til aðstoðar. Vinnutilhögunin átti að vera sú að þrír til fjórir menn þýddu dönsku bókina. Tveir til þrír ritstjórar áttu að stýra verkinu í hjáverkum, einn átti að sjá um að bæta við íslensku efni, einn starfsmaður átti að slá efnið inn í tölvu og tveir til þrír að lesa handritið yfir. Það kom mjög fljótt í ljós að þetta fyrirkomulag gengi ekki við svo umfangsmikið verkefni. Þá voru ráðnir tveir fastir ritstjórar sem endurskipulögðu verkið. Eftir því sem á leið var föstu starfsfólki fjölgað og á síðari stigum verksins störfuðu tólf manns í ritstjórninni.

Í byrjun fór mestur tími ritstjóranna í að skipuleggja verkið, deila út verkefnum og útbúa vinnuleiðbeiningar handa öllum sem unnu við það.

Fengnir voru rúmlega 100 sérfræðingar til að þýða, staðfæra og endurskoða efnið í *Fakta*, fella út sérdanskt efni og semja séríslenskar skýringar. Sérfræðingarnir fengu í hendur handrit af viðkomandi efnisflokki og skrá yfir þær myndir og töflur sem tilheyrðu honum. Einnig fengu þeir hefti frá ritstjórn með leiðbeiningum um uppsetningu. Hver sérfræðingur skrifaði undir sérstakan samning þar sem m.a. var kveðið á um greiðslu, höfundarrétt forlagsins á efninu og tiltekinn var skiladagur handrits. Miðað var við að allt efnið yrði tilbúið frá hendi sérfræðings um áramótin 1988/89. Einn starfsmanna hafði m.a. það verk með höndum að fylgjast með framvindu verksins hjá sérfræðingunum og sjá til þess að skiladagar stæðust. Þannig tókst að fá inn 96% handrita á tilsettum tíma.

Aldrei kom til kasta útgáfuráðsins því að of tímafrekt hefði verið að bíða eftir fundum með því til að fjalla um þau fjölmörgu vandamál sem komu upp daglega og varð að leysa jafnóðum. Það kom því nánast af sjálfu sér að ritstjórnintók að sér hlutverk ráðsins og naut hún liðveislu sérfræðinganna þar sem á þurfti að halda.

Tölvuvinnsla og vinna við frumhandrit

Íslenska alfræðiorðabókin var unnin í gagnagrunni í CompuCorp-ritvinnslutölvu. Flestir sérfræðingarnir skiluðu frumhandritum sínum á tölvudisklingum en nokkur handrit voru handskrifuð eða vélrituð. Þau síðarnefndu voru slegin inn í tölvuna þar sem þeim var komið fyrir í gagnagrunninum en skrár á disklingunum voru fluttar í hana um PC-tölvu og þeim komið fyrir í gagnagrunninum. Ef skrár bárust á disklingum úr Macintosh-tölvum varð að fá aðstoð tölvufyrirtækja til að breyta þeim í PC-skrár.

1. svið: Raðflettiorð (fyrir stafrófsröðun)
2. svið: Danska flettiorðið (úr *Fakta*)
3. svið: Flokksnúmer
4. svið: Fangamark og skiladagur sérfræðings
5. svið: Fangamark setjara
6. svið: Dagsetning tölvusetningar
7. svið: Fangamörk yfirlesara og prófarkalesara
8. svið: Fangamark sérfræðiyfirlesara
9. svið: Íslenska flettiorðið
10. svið: Skilgreining og skýring við flettiorðið (orðsgrein)
11. svið: Lengd íslensku orðsgreinarinnar (mæld í línunum)
12. svið: Vinnsluferli flettunnar (skammstafað: p = þýdd; f = frumsamin; s = unnin af sérfræðingi; y = yfirlesin af ritstjórn; i = íslenskt efni; p = prófarkalesin; t = tilbúin)
13. svið: Samheiti/Millivísanir
14. svið: Danskt lykilorð
15. svið: Enskt lykilorð
16. svið: Myndatexti
17. svið: Athugasemdir
18. svið: Lengd dönsku orðsgreinarinnar (mæld í línunum)

Sviðaskipting færslna í tölvuuppsetningu Alfræðiorðabókarinnar. Hver færsla um sig er ætluð fyrir eitt flettiorð með tilheyrandi upplýsingum. Í henni er tiltekinn fjöldi sviða í ákveðinni röð þar sem skráðar eru ofangreindar upplýsingar um flettiorðið.

Yfirlestur og samræming

Þegar búið var að setja handritin í gagnagrunninn tók við yfirlestur og samræming þeirra. Þau voru lesin á tölvuskjá og kom í ljós að bestur árangur náðist með því að tveir og tveir úr ritstjórn læsu yfir sameiginlega. Hugað var m.a. að skilgreiningum flettiorðanna, samræmingu og rithætti. Hvert flettiorð skyldi skilgreint; slíkt vafðist fyrir bestu mönnum á hinum ýmsu fræðasviðum og kom þá til kasta ritstjórnarinnar. Af óteljandi og fjölskrúðugum dæmum má nefna flettiorðin *glæraugu*, *menning*, *djúpsprengja* og *djöflaspil*.

Að lestrinum loknum voru handritin send sérfræðingunum aftur til yfirlestrar. Síðan hófst önnur umferð við að innheimta handrit. Athugasemdir sérfræðinganna voru svo færðar inn jafnóðum og handrit þeirra bárust aftur.

Vinnsla á myndefni

Samhliða textavinnslunni var unnið að öflun og flokkun myndefnis og gerð skýringarmynda, korta og taflna. Mikill hluti myndefnisins í bókinni er íslenskur en auk þess fylgdi með í kaupunum á danska handritinu allt myndefnið í *Fakta*. Það var óskráð og því reyndist nauðsynlegt að útbúa skrá yfir allt myndefni, breyta varð nöfnum og texta á kortum, skýringarmyndum og töflum eða búa til nýtt efni og víða þurfti að skipta um töflur. Jafnframt var búinn til örnefnalisti til að hægt væri að breyta nöfnum á landakortunum í samræmi við hann. Sérstakur myndarítstjóri hafði umsjón með þessum verkþætti og þegar leið á verkið var ráðinn aðstoðarmaður til að útvega nýjar myndir þar sem við átti.

Prófarkalestur

Ein próförk af hverjum efnisflokki var lesin á tölvuskjá. Að svo búnu var farið yfir allar vísanir á milli flettiorða. Til að gefa hugmynd um umfang verksins má geta þess að það tók sjö manns þrjár vikur að fara yfir millivísanirnar.

Eftir að allir efnisflokkarnir höfðu verið lesnir yfir var þeim raðað í tölvunni í eitt handrit í stafrófsröð. Síðan var skrúnað yfir það til að ganga úr skugga um að flettiorðin væru í réttri stafrófsröð, raða upp flettiorðum með sama rithætti en ólíkri merkingi, athuga hvort fleiri en ein skýring á sama flettiorði hefðu óvart komið inn hver úr sinni átt og sjá til þess að heildarsvipur væri á þeim flettum þar sem margir sérfræðingar höfðu samið hver sinn hluta. Sem dæmi má nefna að öll sjálfstæð ríki veraldar eru flettiorð í bókinni og þar eru skýringarnar bæði úr landafræði og sagnfræði og oft frá fleiri sviðum. Vinnslan skiptist því á milli tveggja eða fleiri sérfræðinga og það kom ekki í ljós fyrir en bókinni var slegið saman í endanlegt handrit í stafrófsröð hvernig flettan leit út í heild og hvort upplýsingar þeirra sköruðust.

Að þessu loknu var bókin flutt yfir í PC-tölvu í umbrot því að ekki var hægt að brjóta hana um í ritvinnslutölvunni.

Umbrot

Eftir flutninginn tók við umbrot, lestur á síðupróförk og skeyting. Fyrirhugað var að brjóta alla bókina um í Ventura-umbrotskerfi hjá orðabókadeildinni en töluverðan tíma tók að fá umbrotsforritið til að virka vegna galla í uppsetningu þess. Tafirnar urðu til þess að eitt bindið var brotið um í prentsmiðju og vinnan við það var töluvert þyngrí í vöfum. Umbrotstölvan þar var ófullkomnari, t.d. varð að setja sérstaklega öll leiðsöguorð og blaðsíðutöl og það kostaði sérstakan prófarkalestur en í umbrotstölvu orðabókadeildarinnar var þetta sjálfvirk.

Vandamál og lausnir

Segja má að vandamálin sem komu upp við gerð *Alfræðiorðabókarinnar* hafi verið óteljandi. Ritstjórnarnir höfðu reynslu sína úr orðabókargerð og þýðingum og þeir komust fljótt að raun um að gerð alfræðiorðabóka er býsna frábrugðin bæði orðabókargerð og almennum þýðingum. Efnið var svo margbrotið og sérhæft að útilokað var fyrir almenna þýðendur að gera því fullnægjandi skil. Lausnin varð sú að fengnir voru sérfræðingar í hverju fagi fyrir sig til starfsins.

Þegar verkið hófst var *Fakta* ekki komin út og þar af leiðandi vissi enginn hvernig sú bók yrði þegar þar að kæmi. Gyldendalsforlagið sendi Erni og Örylgi tölvuútprent af hálfköruðu vinnuhandriti flokkuðu eftir efni. Allt myndefni vantaði og ógerningur var að sjá hvort skýringarmyndir fylgdu flettiorðum eða ekki. Úgáfu dönsku bókarinnar seinkaði auk þess um eitt ár þannig að hún barst fyrst í hendur ritstjórninni um það bil einu ári eftir að gerð *Alfræðiorðabókarinnar* hófst. Þetta tafði verkið að sjálfsögðu. Margir sérfræðingar lögðu mikla vinnu í að bæta við skýringar sem þeim þótti áfátt í danska handritinu. Þegar *Fakta* loksins barst kom í ljós að það sem á vantaði var oft að finna þar í myndatextum og á skýringarmyndum.

Tímaþröng var vandamál sem ritstjórnin glímdi við allan vinnslutímann. Unnið var eftir strangri tímaáætlun og gerð úttekt á verkinu mánaðarlega. Settar voru samræmdar vinnureglur til að spara tíma en nauðsynlegt var að fylgjast vel með því hvernig þær virkuðu og breyta þeim ef í ljós kom að ritstjórnin var farin að leiða þær hjá sér, því að þá voru þær orðnar til trafala. Sem dæmi má nefna að í upphafi var ætlunin að fylgja þeirri reglu að hafa flettiorðin öll án greinis, eins og venja er í orðabókum, en sú regla stenst ekki í alfræðiorðabókum. Einnig átti að hafa flettiorðin í eintölu, samkvæmt sömu venju, en sú regla reyndist ekki haldbær heldur.

Uppsetning *Alfræðiorðabókarinnar* og samræming í einu og öllu var rauður þráður í verkinu. Hér skal drepð á helstu vandamál á því sviði.

Flettiorð

Flettiorðin úr *Fakta* voru ýmist lögð til grundvallar eða höfð til hliðsjónar í *Alfræðiorðabókinni*. Fljótt á litið virtist lítil vandi að þýða þau með samsvarandi íslensku heiti. Það kom þó fljótt í ljós að oft var ekki til íslenskt heiti á því sem átti að þýða og enn oftar reyndust vera til mörg heiti á sama fyrirbærinu. Flettiorðin eru lykillinn að öllum upplýsingum í bókinni og nauðsynlegt er að velja þau orð sem flestir hafa um hlutaðeigandi fyrirbæri svo að bókin komi notendum sínum að gagni. Það er augljóst að enginn flettir upp orði sem hann þekkir ekki.

Þar sem til voru fleiri en eitt orð um sama fyrirbæri var reynt að fylgja þeirri grundvallarreglu að nota algengasta orðið sem aðalflettiorð. Samheiti voru látin fylgja með og ef þau voru sæmilega þekkt voru þau líka höfð sem flettiorð þar sem vísað var til aðalflettiorðsins.

Lykilorð

Í þeim tilvikum þegar ekki varð komist hjá að nota nýyrði sem aðalflettiorð var brugðið á það ráð að útbúa sérstakan danskan og enskan orðalista, eins konar orðalykil, til að leiða notandann að nýyrðunum. Þessi tungumál urðu einkum fyrir valinu vegna þess að flestir Íslendingar kunna skil á ensku eða einhverju Norðurlandamáli; beinast lá við að velja dönsku með tilliti til þess að fyrirmyndin var dönsk. Að vísu kom í ljós að oft var aðeins um ritháttarmun að ræða á dönskum og enskum jafnheitum. Dæmi um slík orð eru *blætisdýrkun* (da. *fetichisme*; e. *fetishism*) og *algildi* (da./e. *universal*). Þó var þetta ekki einhlítt og þess vegna var talin ástæða til að hafa lykilorðin bæði á dönsku og ensku.

Vandinn var að koma orðalyklinum fyrir. Óæskilegt var talið að hafa þessi útlensku orð innan um íslensku flettiorðin í íslenskri bók. Í fyrstu kom helst til greina listi aftast í bókinni eða í sérstökum bæklingi en slíkir listar vilja oft gleymast eða týnast og nýtast ekki sem skyldi. Því var horfið frá þeirri hugmynd og gripið til þess ráðs að raða lykilorðunum í stafrófsröð og koma þeim fyrir í sérstökum römmum á þeim blaðsíðum þar sem þau áttu heima, miðað við stafrófsröð bókarinnar, þannig að leita mætti að þeim með tilliti til hennar. Frá lykilorðunum var svo vísað í samsvarandi íslenskt nýyrði þar sem allar upplýsingar var að finna. Þetta er eins konar dönsk-íslensk og ensk-íslensk orðabók til hliðar við *Alfræðiorðabókina*. Engin reynsla var af slíkum orðalykli og þess vegna var ekki ljóst hvort hann yrði plássfrekur. Hann var því notaður sparlega og hefði mátt vera mun stærri.

Í þeim tilvikum þar sem ekkert íslenskt jafnheiti fannst var erlenda orðið haft sem flettiorð í megintexta og þess getið úr hvaða máli það væri komið.

Tökuorð

Erfitt reyndist að fylgja nýyrðastefnunni út í ystu æsar við gerð *Alfræðiorðabókarinnar*. Oft urðu tökuorð fyrir valinu sem aðalflettiorð þegar um samheiti, oft mörg, var að ræða. Ef algengasta orðið var tökuorð með hefð í málinu en hin af íslenskum uppruna en tiltölulega óþekkt var tökuorðið haft sem aðalflettiorð og hin gefin sem samheiti. Dæmi um þetta er *offsetprentun*, sem er aðalflettiorð, en *flutningsprentun* er gefið sem samheiti. Algeng samheiti voru þá jafnframt höfð sem flettiorð og vísað úr þeim í aðalflettiorðið.

Fleiri ástæður voru fyrir því að tökuorð urðu stundum fyrir valinu sem aðalflettiorð, t.d. eru sum tökuorð notuð í samsetningum þar sem ekki er hægt að nota íslenska jafnheitið. Dæmi um það eru lýsingarorðin *abstrakt* og *óhlutbundinn*. Ákveðið var að hafa orðið *abstraktlist* sem aðaluppflettiorð og vísa í það úr *óhlutbundinni list*, m.a. vegna þess að orðið *abstraktmálari* kemur oft fyrir í skýringum og illa fer á að tala um *óhlutbundna málara*. Að vísu hefði verið hægt að snúa sig út úr vandanum með því að tala um listmálara, sem mála í anda *óhlutbundinnar listar*, eða fulltrúa *óhlutbundinnar listar* en hin lausnin var nærtækari þar sem textinn í alfræðiorðabókum verður að vera knappur og skýr.

Stundum reyndist merking alíslenska orðsins of þröng. Dæmi um það er orðið

höggmyndalist sem hefur verið notað sem samheiti tökuorðsins *skúlptúr*. Orðið *skúlptúr* er skilgreint sem myndverk í þrívídd, sem getur m.a. verið saumað eða mótað úr gleri, en *höggmyndalist* á einungis við um myndverk sem er höggvið í hart efni. Þess vegna varð *skúlptúr* fyrir valinu sem flettiorð. Dæmi um of þrönga merkingu er einnig að finna í nýyrðasmíði. Þar má nefna orðið *hústaki* en það er þýðing á enska orðinu *squatter*, sem merkir mann sem sest að á annars landi eða húseign í heimildarleysi. Merking íslenska orðsins takmarkast af orðhlutanum *hús-* og búa varð til nýyrðið *landtaki* til að koma merkingu jafnheitisins að fullu til skila, og vísa á milli.

Íðorð

Í bók af þessari gerð er mjög mikilvægt að nota alltaf sama orðið yfir sama fyrirbærið, þ.e. að þau flettiorð sem verða fyrir valinu séu einnig notuð þar sem fyrirbærin koma fyrir í öðrum skýringum.

Við val á flettiorðum kom vel í ljós að ósamræmis gætti í orðnotkun almennings og sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum. Dæmi um þetta eru orðin *kúpling* sem sérfræðingar kalla *tengsli*, *öryggi* sem sérfræðingar kalla *var*, *hreinlætistæki* sem sérfræðingar kalla *þrifatæki*, *gladiólur* sem sérfræðingar nefna ýmist *kesjuliljur*, *jómfrúrliljur* eða *sverðliljur* og *mótor/vél* sem á máli sérfræðinga heitir *hreyfill*.

Ósamræmi reyndist líka í orðnotkun sérfræðinga bæði innan sömu greinar og á milli einstakra greina, t.d. í prentiðnaði og grafík, í sálfræði, félagsfræði og læknisfræði, og í rafmagnsfræði, eðlisfræði, efnafræði og líffræði þar sem ósamræmis gætir milli stofnana og jafnvel innan sömu stofnunar. Sem dæmi um þetta má nefna að það sem á dönsku heitir *dybtryk* heitir *lægðarprent* í prentlist en *djúpbrykk* í grafík. Annað dæmi er danska orðið *naturalisme* sem á íslensku kallast *natúralismi* í myndlist, bókmenntum og leiklist en *náttúruhyggja* eða *veraldarhyggja* í heimspeki.

Rafskautin sem heita á dönsku *anode* og *katode* heita í rafmagnsfræði *forskaut* og *bakskaut*, í eðlisfræði ýmist *forskaut* og *bakskaut*, *plússkaut* og *mínusskaut* eða *jáskaut* og *neiskaut* en í efnafræði nefnast þau ýmist *anóða* og *katóða* eða *forskaut* og *bakskaut*. Um tíma áttu orðin *jáskaut* og *neiskaut* að vera aðalflettiorð bókarinnar. En þegar samræma átti íslensku þýðingarnar á dönsku orðunum *anjon* og *katjon* og *anode* og *katode* kom upp einn eftirminnilegasti ruglingurinn við gerð bókarinnar. Sérfræðingar höfðu þýtt *anjon* á sex vegu, þ.e. *anjón*, *forskautsjón*, *mínusjón*, *mínus hlaðin jón*, *neikvætt hlaðin jón* og *neikvæð jón*. Þeir höfðu þýtt *katjon* á sjö vegu, þ.e. *katjón*, *bakskautsjón*, *bakjón*, *plúsjón*, *plús hlaðin jón*, *jákvætt hlaðin jón* og *jákvæð jón*. Þar var gengið lengst í samræmingartilraunum ritstjórnar þegar einhverjum þar datt í hug að leysa ruglinginn með því að búa til orðin *jájón* og *nejón* til samræmis við *jáskaut* og *neiskaut*. Sú tillaga hlaut misjafnar undirtektir og á endanum var horfið til orðanna *anóða* og *katóða* og *anjón* og *katjón*.

Í sálfræði, félagsfræði og læknisfræði ríkir mikið misræmi í orðnotkun. Sem dæmi má nefna að danska orðið *regression* kallast *endurhvarf* í læknisfræði, ýmist *endurhvarf* eða *bakrás* í sálfræði og *aðhvarf* í tölfræði.

Mjög er mismunandi hversu langt er gengið í að þýða orðhluta samsettra orða, t.d. um efnasambönd. Efnasambandið sem heitir á dönsku *kuldioxid* heitir á íslensku ýmist

koltvíoxíð, *koldíoxíð* eða *koltvísýringur*. Þar virðist, eins og oft í svipuðum tilvikum, vera háð geðþótta eða sérvisku hvers og eins hvaða orð verður fyrir valinu hverju sinni.

Til að létta störfni við samræmingu íðorðanna voru útbúnir samræmingarorðalistar. Þar kom fram hvaða orð skyldu vera aðalflettiorð og hvaða orð samheiti og síðan var bætt við listana eftir því sem leið á verkið. Þá kom oft í ljós að orð, sem valið hafði verið sem aðalflettiorð, varð að vika fyrir öðru til að hægt væri að samræma orðnotkun milli greina. Misræmið í íðorðanotkuninni tafði gerð bókarinnar því að ekki kom í ljós hvaða orð væru algengust fyrr en líða tók á verkið.

Örnefni og önnur sérnöfn

Ákveða þurfti hvernig fara skyldi með erlend örnefni og önnur sérnöfn, orð sem eru dregin af þeim og samsett orð þar sem einn orðhlutinn er erlent sérnafn.

Meginvandinn við uppsetningu örnefna var hvort nota skyldi íslenskan eða upprunalegan rithátt. Ákveðið var að skipta heitunum í fjóra meginflokka, þ.e. gamalgróin íslensk heiti, t.d. *Þrándheimur*, *Kaupmannahöfn* og *Hjaltland*, heiti með íslenskum orðhlutum, t.d. *Seychelleryjar*¹ og *St. Lawrencefljót*, heiti þar sem ritháttur hefur verið lagaður að íslensku, t.d. *Búrúndí* og *Akvitanía*, og heiti sem eru notuð óbreytt, t.d. *Queens* og *Rambouillet*.

Settur var saman listi yfir örnefnin til að samræma rithátt í bókinni, ekki síst á kortunum. Þegar um vafatilvik var að ræða við gerð hans var reynt að velja þann rithátt sem líklegast væri að fólk fletti upp. Stuðst var við allar fáanlegar íslenskar heimildir, einkum landabréfabækur Námsgagnastofnunar og gögn frá utanríkisráðuneytinu. Skömmu eftir að listinn var gerður kom út bókinn *Orðalykill* eftir Árna Böðvarsson, málfarsráðunaut Ríkisútvarpsins. Í henni er örnefnalisti sem fjölmiðlar voru fljótir að notfæra sér. Ekki var hægt að breyta um stefnu í *Alfræðiorðabókinni* en bók Árna var höfð til hliðsjónar og heitin úr henni gefin sem samheiti, eftir því sem unnt var, ef þau voru frábrugðin þeim sem ritstjórn hafði þegar valið.

Í öðrum greinum gildir svipuð flokkun um rithátt sérnafna og afleiddra orða þeirra. Sem dæmi má taka enska eðlisfræðinginn Isaac Newton og orð sem eru dregin af nafni hans. Eftirnafn hans er ritað óbreytt í íslenskum texta, *Newton*. Hringirnir sem við hann eru kenndir, *newtonshringir*, eru hafðir með sama rithætti en með litlum upphafsstaf, og mælieiningin, sem einnig er kennd við hann, er rituð *njúton*, þ.e. með litlum upphafsstaf og aðlöguðum rithætti.

Stafsetning

Stafsetningin var kapituli út af fyrir sig. Að fenginni reynslu af gerð orðabóka vissu ritstjórar þegar í upphafi verksins að sum atriði, sem snertu íslenskt mál, gætu tafið verkið og að setja yrði reglur um þau strax í stað þess að fjalla um hvert einstakt atriði hverju sinni. Sem dæmi má nefna hvenær rita skuli stóran eða lítinn staf, hvernig skipta

¹Ritað *Seychelleseyjar* í Ensk-íslenskri ríkjaskrá Íslenskrar málnefndar frá 1997.

skuli orðum milli lína og hvar eða hvort íslensk eignarfallsending eigi að koma á erlend sérnöfn, þá einkum mannanöfn.

Varðandi litla og stóra stafi var ætlunin að fylgja *Auglýsingu um íslenska stafsetningu nr. 132 frá 1974 með breytingum frá 1977* en þær reglur reyndust allsendis ófullnægjandi. Samkvæmt þeim á t.d. að rita þjóðaheiti með stórum upphafsstaf en heiti þjóðflokka með litlum. Samkvæmt *Íslenskri orðabók* (ÍO) er orðið *þjóðflokkur* m.a. skýrt með orðinu *þjóð* og sagnfræðingar *Alfræðiorðabókarinnar* reyndust oft nota orðin jöfnum höndum. Menn spurðu sig: Hvað er þjóð og hvað er þjóðflokkur? Einfalt dæmi um misræmið í stafsetningu er að finna í ÍO. Þar er ritað: „*indíáni*. . . maður af ættum frumbyggja Ameríku. . . , *Inúki*. . . frumbyggji heimskautsalanda Norður-Ameríku. . .“.

Einnig má nefna að samkvæmt auglýsingunni á að rita orð leidd af mannanöfnum með litlum staf, t.d. *kalvínismi*, en nokkur samsett orð þar sem fyrri hluti er sérnafn skal rita með stórum staf, t.d. *Vernerslögmál*. Þannig samsett dýra- og jurtanöfn skal hins vegar rita með litlum staf, t.d. *klettafjallageit*, en séu afurðirnar kenndar við sérnafn skal, a.m.k. stundum, rita orðið með stórum staf, sbr. *Hólsfjallahangikjöt*.

Þarna reyndist því erfitt að setja haldbærar vinnureglur þar eð það virtist undir hælinn lagt hvort skyld fyrirbæri væru skrifuð með stórum eða litlum staf. Reynt var að flokka orðin efnislega og nota þann rithátt sem algengari virtist í hverjum flokki fyrir sig. Reynslan sýndi að í vafatilvikum var meiri tilhneiging til þess að nota lítinn staf. Þó virtist sú tilhneiging sterkari í raungreinum en húmanískum greinum og notkun lítils upphafsstafs virtist einnig fara vaxandi eftir því sem orðin voru algengari. Sem dæmi má nefna að orðin *marxismi* og *stalínismi* eru nær undantekningarlaust rituð með litlum staf en *McCarthyismi* með stórum.

Íslenskar reglur um skiptingu orða á milli lína hrukku skammt þegar *Alfræðiorðabókin* átti í hlut. Kom þar einkum tvennt til, annars vegar afar fjölskrúðugur orðaforði bókarinnar og hins vegar þrír dálkar á blaðsíðu í umbroti, en mjóir dálkar leiða til fleiri orðskiptinga. Reglurnar voru hafðar að leiðarljósi eins langt og þær náðu en síðan varð samræmdur smekkur og þrjóstvit ritstjórnar að ráða ferðinni.

Vafi var á hvort eignarfallsendingar á erlend mannanöfn skyldu fylgja skírnarnafni, eftirnafni eða hvorum tveggja. Ákveðið var að þær skyldu fylgja skírnarnafni en eftirnafn látið standa óbreytt. Rökin fyrir því voru þau að eftirnafnið er uppflöttið og því æskilegt að hafa það óbreytt. Auk þess lék oft vafi á því hver eignarfallsmyndin skyldi vera, sbr. *Margaret Thatcher* sem sumir vildu rita *Margaretar Thatcherar*. Þess vegna var ákveðið að skammstafa erlend skírnarnöfn þar sem þau komu fyrir í texta, þ.e.a.s. ef nafn hlutaðeigandi manns var flettiorð. Þannig var hægt að sneiða hjá eignarfallsendingunni alls staðar nema þar sem í textanum komu fyrir í eignarfalli nöfn útlendinga sem ekki voru flettiorð.

Stafrófsröð

Um líkt leyti og vinna við *Alfræðiorðabókina* hófst var reglum um stafrófsröðun breytt þannig að ákveðið var að breiðir sérhljóðar skyldu teljast sérstakir bókstafir og raðast sér en áður höfðu þeir flokkast með tilsvarandi grönnum bræðrum sínum.

Ákveðið var að halda sig við gömlu reglurnar eftir sem áður því að erfiðara yrði um vik að finna flettiorðin ef þeim væri raðað eftir nýju reglunum, m.a. vegna þess að oft léki vafi á því hvort orð í bók af þessu tagi væru rituð með breiðum eða grönnum sérhljóða og auk þess kæmi fyrir fjöldi orða með ólíkum táknum yfir sérhljóðum sem þá yrði erfitt að raða í stafrófsröð.

Ytri aðstæður

Orðabókadeildin var til húsa í 100 fermetra kjallara þar sem eingöngu voru gluggar á norðurhlið. Vinnusvæðið var tiltölulega opið en lágt til lofta. Við fyrstu sýn virtist staðurinn bæði óhentugur og óaðlaðandi en reyndin varð önnur. Þetta opna svæði hafði ýmsa kosti. Allar upplýsingar um vinnsluna bárust betur á milli manna en ef hver hefði setið í sínu lokaða herbergi. Öll samvinna starfsfólks varð nánari og minni hætta var á óánægju og flokkadráttum. En reynslan hafði kennt ritstjórunum að mikil hætta er á slíku við svo krefjandi störf og þá skipa menn sér gjarna í flokka eftir herbergjum. Þarna var enginn afkimi nema salernið!

Fjármál *Alfræðiorðabókarinnar* voru nánast alfarið í höndum forlagsins. Ritstjórar bókarinnar sömdu um laun við fast starfsfólk og greiðslur til sérfræðinganna fyrir þeirra störf. Jafnframt miðuðu þeir vinnuáætlanir sínar við ákveðinn fjárhagsramma og reyndu að halda öllum kostnaði við vinnsluna í algjöru lágmarki.

Lokaorð

Í aðfaraorðum útgefanda að *Íslensku alfræðiorðabókinni* segir: „Það er ekki ofmælt þegar sagt er að hér sé í fyrsta sinni verið að hugsa á íslensku á markvissan hátt um mjög margar greinar þekkingar og miðla vitneskju um þær ljóst og aðgengilega til lærðra og leikra“ og „... bæði flytja þær [erlendar alfræðibækur] margt, sem oss skiptir litlu máli og hinn alþjóðlegi hluti þeirra er á erlendri tungu, sem óhjákvæmilega orkar á skilning vorn og veldur því að oss hættir til að hugsa um og skýra hin fræðilegu atriði á einhvers konar hálfíslensku. Íslensk alfræði er því ekki lítilsvert tæki til verndar tungu vorri, og ómetanlegt hjálpargagn til að hugsa og rita á íslensku um erlend og alþjóðleg efni. . .“

Nú, tíu árum síðar, er óhætt að fullyrða að *Alfræðiorðabókin* hefur sinnt þessu hlutverki. Það sýna viðtökurnar sem hún hefur fengið. Bókin er orðin sjálfsgagt hjálpargagn í skólum landsins og handhægt uppflettirit á heimilum landsmanna. Hún hefur þannig átt drjúgan þátt í að festa í sessi og samræma íslenskan orðaforða á ólíkum sviðum, komið nýyrðum á framfæri og stuðlað að samræmingu á rithætti fjölmargra heita og örnefna.

Það er gaman að líta yfir farinn veg þegar vel hefur tekist til. Það geta allir gert sem unnu að *Íslensku alfræðiorðabókinni*. Með samstilltu átaki tókst að ná settu marki.